

43. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 7. mars 2017 og
hófst hann kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Gunnar Jónsson varaformaður, Kristín Hálfðánsdóttir aðalmaður, Helga Dóra Kristjánsdóttir áheyrnarfulltrúi, Gísli Elís Úlfarsson aðalmaður og Hildur Dagbjört Arnardóttir aðalmaður.

Ralf Trylla umhverfisfulltrúi og Brynjar Þór Jónasson sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Fundargerð ritaði: Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi.

Dagskrá:

1. Sorpmál 2018 - útboð - 2016090021

Kynnt drög af skýrslu frá EFLU ehf um þarfagreiningu í sorpmálum dags. 3.3.2017.

Drög að skýrslu frá Eflu ehf. verkfræðistofu kynnt umhverfis- og framkvæmdanefnd Ísafjarðarbæjar. Umhverfisfulltrúa falið að vinna málið áfram með Eflu ehf.

2. Svæðisáætlun Sorpmál - 2015090028

Umræður um mögulega samstarfsaðila í sorpmálum.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar leggja til að áður en haldið verður áfram við vinnu við útboð í sorpmálum, þá verði haft samband við nágrannasveitarfélög okkar Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhrepp til að skoða hvort ekki sé flötur fyrir sameiginlegu útboði. Það gefur auga leið að um sameiginlegt hagsmunamál allra sveitarfélaganna er að ræða, bæði kostnaðarlega og umhverfislega. Við leggjum til að skipuð verði nefnd með fulltrúum allra sveitarfélaganna hið fyrsta og unnið verði hratt og vel í undirbúningi að sameiginlegu útboði í sorpmálum.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd Ísafjarðarbæjar leggur til við bæjarráð að skipuð verði nefnd um útboð á sorpmálum sveitarfélaganna með fulltrúum Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkurkaupstaðar og Súðavíkurhrepps.

3. Fjárhagsáætlun 2018 - 2017020049

Umræða um gjaldskrár á sviði umhverfis- og framkvæmdanefndar.

Frestað

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:15

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Gunnar Jónsson

Kristín Hálfðánsdóttir

Helga Dóra Kristjánsdóttir

Gísli Elís Úlfarsson

Hildur Dagbjört Arnardóttir

Ralf Trylla

Brynjar Þór Jónasson